# Drumburinn í Kirkjugarðinum á Grenjaðarstað.

Einhverju sinni er tveir menn voru að taka gröf að fallordnum manni í Kirkjugarðinum á Grenjaðarstað og voru að ljúka við gröfina, sem var af venjulegri stærð og fullar þrjár álnir á dýpt, rákust þeir á trédrumb einn afar stóran ummáls og gröfu fyrir honum aðrar þrjár álnir lengra niður, því drumburinn stóð upp á endann. Reipi og kaðlar voru fengin og margir menn til að ná staurnum upp úr gröfinni. Svo digur var hann, að stærstu menn náðu ekki fingrum saman, þá er þeir umföðmuðu hann. Utan á staurnum var svo sem þumlungsþykkur fúabörkur, en annars var hann úr ágætisviði, ótilheflaður með öllu og engin merki þess á honum, að neitt hefði verið í hann krotað.

Nóttina eftir að staurinn var grafinn upp, sváfu fjórir vinnumenn staðarins í stofulofti, enda var þar svefnskáli þeirra. Að liðnu miðnætti vaknar einn þeirra við það, að honum heyrist gengið þunglamalega heim að bænum, þó ekki eins og venjulega er gengið, heldur svo, að hvert fótatak varð eins og afar þungt högg, er slegið væri með afarstórum hnalli á jörðina. Höggin urðu æ þyngri og nálguðust bæjardyrnar, en þær voru næstu hús vestan svefnskála vinnumanna. Manninum fór ekki að verða um sel og vakti félaga sína.

Höggin bárust hægt og seint, en afar þung, inn í bæjardyrnar, inneftir göngunum og síðan inn í göng þau, er að svefnskálanum lágu. Urðu mennirnir því skelkaðir, tóku hurð af hjörum, í dyrunum þeim, er voru fyrir skálanum og létu hurðina yfir loftsgatið, sem var nokkuru utar og gagnvart göngunum; síðan drógu þeir tvær stórar kistur að loftsgatinu og létu þær yfir hurðina. Voru höggin þá komin á móts við loftsgatið og bjuggust mennirnir við því, að þá og þegar yrði hurðinni með kistunum á, hrundið upp. Af þessu varð þó ekki, höggin hættu og varð þessa svo eigi frekar vart.

Maðurinn, sem vaknaði fyrstur, lét þess getið, að hann hafi séð staurinn, þar sem hann kom sunnan úr kirkjugarðinum og hefði hann lyppast upp og flust til, eins og fet fyrir fet, standandi upp á annan endann. Taldi hann þó líklegast að þetta hafi hann séð í draumi, orðið smeikur við og vaknað og síðan vakið hina piltana.

Staurinn var síðan sagaður niður og rifinn, og var talið víst að hann hafi verið einn af þeim fjórum styttum, er stóðu sín undir hverju horni á kirkjuþekjunni, er stóð á Grenjaðarstað til forna, og áður en hún var færð norðar í bæinn. Ekki hefir verið grafið eftir hinum styttunum og ekkert hefir orðið vart fyrir áhrif staursins síðan þetta.

(Eftir sögn séra P. Helga Hjálmarssonar 22/8-'31. J.P.)